



**FRAMSÓKNARFLOKKURINN**

Málefnaályktanir

35. FLOKKSÞINGS FRAMSÓKNARMANNA

Reykjavík 9.-11. mars 2018



## Efnisyfirlit:

Framsókn til framtíðar.....	5
Ályktun um samgöngumál .....	8
Ályktun um byggðamál .....	10
Ályktun um sveitarstjórnarmál.....	11
Ályktun um menntamál .....	12
Ályktun um velferðarmál .....	15
Heilbrigðismál .....	15
Málefni öryrkja.....	16
Málefni aldraðra .....	17
Fjölskyldan .....	17
Jafnrétti .....	18
Húsnæðismál .....	19
Stuðningur við fötluð og langveik börn .....	20
Ályktun um ferðapjónustu .....	21
Ályktun um endurskipulagning fjármálakerfisins .....	23



# Framsókn til framtíðar

35. FLOKKSÞING FRAMSÓKNARMANNA haldið 9.-11. mars 2018 fagnar sterkri stöðu efnahagsmála á Íslandi. Staðan endurspeglast í fjárlagafrumvarpi núverandi ríkisstjórnar þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu innviða íslensks samfélags. Það er stærsta verkefni ríkisstjórnarinnar á næstu misserum. Í öðrum ályktunum flokksþingsins koma fram ítarlegri áherslur í einstökum málum sem forystu flokksins er falið að fylgja eftir í ríkisstjórn og á Alþingi.

Samhliða verður að gæta að því að skilyrði séu til áframhaldandi verðmætasköpunar atvinnulífsins og þar með bættra lífskjara landsmanna. Eitt af forgangsverkefnum í efnahagsmálum verður endurskipulagning fjármálakerfisins. Þar þarf að móta skýra samfélagslega framtíðarsýn. Í því felst meðal annars að leita þarf leiða til að auka samkeppni á viðskiptabankamarkaði, á sama tíma og að dregið verði úr þeirri áhættu sem skattgreiðendur bera af starfsemi fjármálafyrirtækja. Jafnframt verði verðtrygging afnumin af lánum til neytenda og fyrsta skrefið yrði að fjarlægja fasteignaverð úr mælingu neysluvísitölunnar.

Uppbygging sterkra innviða er grundvöllur þess að hægt sé að tryggja jafnrétti til búsetu um allt land, þar sem allir hafi sama aðgang að grunnþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, menntun, samgöngum og fjarskiptum.

Tryggja þarf sterka stöðu sveitarfélaganna í landinu, þar sem stutt er við tekjuöflun þeirra og að samvinna sé höfð um frekari flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Skoða þarf frekari flutning opinberra starfa frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðar með það að markmiði að auka fjölbreytileika atvinnutækifæra í dreifðari byggðum.

Halda þarf áfram að bregðast við húsnæðisskortri í landinu, tryggja uppbyggingu um allt land og jafnt aðgengi ungs fólks að húsnæði. Þá þarf að leggja áherslu á að eldri borgarar hafi öruggt húsnæði.

Góðar samgöngur eru frumundirstaða hvers sjálfstæðs þjóðfélags. Samfélag án samgangna virkar ekki. Það blasti við fyrir 100 árum. Á þriðja áratug síðustu aldar var unnið stórvirki í samgöngumálum á Íslandi, vegir, brýr, hafnir o.s.frv, undir forystu Framsóknarflokksins og þannig lagður grunnur að því samfélagi sem við þekkjum í dag. En sveltistefna undanfarinna ára gagnvart samgöngumannvirkjum mun reynast okkur dýrkeypt nema strax verði gripið til varna og sóknar.

Góðar samgöngur eru undirstaða í uppbyggingu byggða um allt land og liður í því að tryggja jafnan rétt til búsetu og atvinnusköpunar. Mikilvægt er að halda áfram uppbyggingu á samgöngumannvirkjum landsins og gera innanlandsflug að raunhæfum ferðamáta. Þá er öruggt flutnings- og dreifikerfi raforku undirstaða þess að fjölbreytt atvinnulíf geti þróast um allt land. Ljúka þarf uppbyggingu ljósleiðarakerfis í landinu til að tryggja jafnan aðgang íbúa að öflugum fjarskiptum.

Öflugt menntakerfi er forsenda framfara og mikilvægt er að í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og stéttarfélaga verði gripið inn í grafalvarlega stöðu í íslenska

skólakerfinu vegna kennaraskorts. Stuðla þarf að aukinni viðurkenningu á störfum kennara, efla faglegt sjálfstæði þeirra og leggja áherslu á skólaþróun á öllum skólastigum. Efla þarf nám í verk- og tæknigreinum sem og símenntun til þess að mæta áskorunum framtíðarinnar og búa íslenskt samfélag undir fjórðu iðnbyltinguna sem þegar er hafin. Háskólanemar og ungt fólk í framhaldsnámi þarf að geta stundað nám án þess að hafa áhyggjur af framfærslu, en það þarf meðal annars að byggja á endurskoðun námslánakerfis LÍN og leiðréttingu á frítekjumarki.

Mikilvægt er að ná sátt um langtímastefnu í ferðaþjónustu í samvinnu við helstu hagsmunaaðila. Þar þarf til dæmis að líta til þess að dreifa ferðamönnum um landið allt en alltaf með sjálfbærni að leiðarljósi. Finna þarf farsælan farveg fyrir gjaldtöku af ferðamönnum til þess að standa undir kostnaði við rekstur fjölsótttra ferðamannastaða um landið allt.

Sjávarútvegur og landbúnaður eru grunnatvinnuvegir landsins og traustar stoðir í byggðum þess. Greinarnar þurfa ávallt að búa við sanngjörn starfsskilyrði. Tryggja þarf samkeppnishæfni þeirra og leggja áherslu á að styðja við sjálfbærni, nýsköpun og vöruþróun. Draga þarf enn frekar fram sérstöðu íslenskrar framleiðslu og umhverfislega þýðingu þess að nýta betur innlend aðföng eftir því sem hægt er.

Margt hefur áunnist í umhverfismálum á síðustu misserum. Mjög stór verkefni eru framundan í loftslagsmálum til að Ísland nái markmiðum sínum um samdrátt í losun fyrir 2030 og markmiði ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutlaust land fyrir árið 2040. Því verður ekki náð nema með átaki samfélagsins í heild og með því að nýta öll þau verkfæri sem eru í boði, þar með talið bættu orkunýtingu, orkuskipti, skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Halda þarf áfram vinnu við skilgreiningu íslenskra náttúruauðlinda til að hægt sé að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og leggja metnað í að draga úr sóun í íslensku samfélagi. Draga þarf verulega úr plastnotkun, minnka matarsóun og efla frekari endurvinnslu úrgangs.

Virðing fyrir náttúrunni hefur verið grunnstef í stefnu Framsóknarflokksins frá stofnun hans. Íslendingar byggja sína tilveru á skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Mikilvægt er að Íslendingar búi yfir góðri þekkingu á lífríki og náttúru lands og sjávar. Náttúruvernd er ein tegund landnýtingar og mikilvæg undirstaða sjálfbærni og atvinnusköpunar. Verndargildi þarf að meta á faglegan hátt í víðtæku samstarfi og samþætta verndun búsetu- og menningarminja. Við framkvæmdir eða uppbyggingu á svæðum með hátt verndargildi, skiptir miklu að greina á milli þess sem er óafturkræft og þess sem fjarlægja má síðar, án ummerkja í umhverfinu.

Náttúruauðlindir Íslands eru fjölmargar. Auðlindaákvæði verði sett í stjórnarskrá og landsmönnum tryggður sanngjarn arður af sameiginlegum auðlindum. Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi við alla nýtingu náttúruauðlinda. Byggja þarf upp aukinn skilning á verðmætum auðlinda, bæði náttúrulegra auðlinda og þeirra sem byggðar eru upp með ræktun á landi og bústofni.

Framsóknarflokkurinn lýsir yfir fullum stuðningi við núverandi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Flokkurinn er hlynntur endurskoðun á henni og mikilvægt er að þar sé fyrst horft til breytinga sem lúta að nýju auðlindaákvæði.

Framsóknarflokkurinn styður breytingar á 5. gr. stjórnarskrárinnar þannig að í forsetakosningum sé tryggt að forseti lýðveldisins hafi skýrt umboð frá meirihluta þjóðarinnar. Því þarf að heimila í stjórnarskránni tvær umferðir í forsetakosningum ef enginn frambjóðandi hlýtur hreinan meirihluta atkvæða. Í seinni umferð skuli kosið á milli þeirra tveggja aðila sem hljóta flest atkvæði í fyrri umferð. Með þessari breytingu vill Framsóknarflokkurinn styrkja þær stoðir sem beint lýðræði stjórnarskrárinnar byggir á og hafa umboð forseta með öllu óvægjanlegt, til að hafa eftirlit með fulltrúalýðræði Alþingis og láta mál í hendur þjóðarinnar, telji forseti það nauðsynlegt.

# Ályktun um samgöngumál

Greiðar samgönguleiðir eru lífæð búsetu í landinu. Eftir viðhaldsleysi vegakerfisins undanfarinn áratug og stórauðna umferð allra síðustu árin er brýn nauðsyn, ef ekki á illa að fara, að stórauka framlög til viðhalds og betrubóta á þjóðvegakerfi landsmanna.

Móta þarf framtíðarstefnu um fjármögnun vegakerfisins. Það er stefna Framsóknarflokksins að tekjur af olíu- og bensíngjöldum, auk bifreiðagjalda og vörugjalda innflutnings ökutækja renni til reksturs, viðhalds og uppbyggingar á vegakerfi landsmanna. Jákvæð þróun bílaflota landsins í umhverfisvænni átt hefur og mun í sífellt meira mæli leiða til þess að þessi gjöld munu lækka.

Til fjármögnunar stærri samgönguframkvæmda verði leitað til lífeyrissjóða eftir lánsfé sem um leið myndi veita lífeyrissjóðakerfinu trygga ávöxtun til langs tíma.

Útfæra þarf nýjar tekjuleiðir sem endurspeglar afnot af þjóðvegakerfinu. Eldsneytisskattar myndi áfram tekjugrunn samgangna á landi og/eða að aksturstengd gjöld leysi þá af hólmi. Framsóknarflokkurinn hafnar tollhliðum á núverandi þjóðvegum.

Skattalegum hvötum, m.a. kolefnisgjöldum verði beitt sem stjórnþæki til að hvetja til að ökutæki séu knúin vistvænum og innlendum orkugjöfum.

Framsóknarflokkurinn vill að öryggi vegfarenda þjóðvega landsins sé tryggt. Umferðaröryggi á að vera leiðarljós í öllu viðhaldi vega og nýframkvæmdum. Aukið eftirlit og löggæsla bætir öryggi vegfarenda. Þá þarf að bæta farsímasamband á þjóðvegum umtalsvert.

Framsóknarflokkurinn vill að samgönguáætlun verði hugsuð upp á nýtt og í stað einnar heildarsamgönguáætlunar afgreiði Alþingi tvær áætlanir. Sú fyrri er til skemmi tíma og taki einkum mið af umferðaröryggi og greiningu Vegagerðarinnar með viðurkenndum aðferðum á helstu slysa- og hættustöðum í vegakerfinu. Hinn hluti samgönguáætlunar er til lengri tíma og miðast við uppbyggingu vegakerfis, tengingar byggðarlaga, styttingar leiða, jarðgöng sem og flugvalla- og hafnaáætlun.

Sveitarfélög hafa hver haldið úti almenningssamgöngum af myndarskap og við þröngan kost. Almenningsamgöngur verði hugsaðar og útfærðar heildstætt upp á nýtt með aðkomu stjórnvalda. Markmiðið er að fjölga kostum bæði í þéttbýli, dreifbýli og á milli landshluta þar sem beita á nýrri tækni og umhverfishugsun til að gera þær ódýrari og aðgengilegri fyrir landsmenn. Framsóknarflokkurinn telur að innanlandsflug og ferjusiglingar innanlands séu hluti af almenningssamgöngum.

Reykjavíkflugvöllur er óumdeilanlega miðstöð innanlands- og sjúkraflugs. Á meðan ekki kemur fram raunhæfur og jafnhentugur kostur í stað Reykjavíkflugvallar er brýnt að ráðast sem fyrst í að lagfæra afgreiðslu og móttöku farþega.

Reynslan sýnir að óbreyttur Keflavíkflugvöllur veitir ekki nægjanlegt flugöryggi og nothæfi vallarins er skert í óveðri. Með stórauðinni flugumferð á síðustu árum og áfram



til framtíðar er mikilvægt að hugað verði að öðrum fullbúnum alþjóðaflugvelli sem jafnframt verði varavöllur Keflavíkurflugvallar.

Framsóknarflokkurinn telur hugmyndir um flugvöll í Hvassahrauni óraunhæfar og telur hagkvæmara væri að efla bæði Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvöll í þeirra hlutverkum.

Miðstöð innanlandsflugs á Íslandi er í Reykjavík og millilandaflugs á Suðurnesjum. Svæðisskipulag Suðurnesja sem samþykkt hefur verið af öllum sveitarfélögum svæðisins gerir ekki ráð fyrir flugstarfsemi í Hvassahrauni. Hvassahraun liggur á vatnsverndarsvæði á svokölluðu fjarsvæði vatnsverndar fyrir Suðurnes. Við skilgreiningu fjarsvæðis er litið til þátta eins og misgengis og sprungna þar sem gæta þarf sérstakrar varúðar og því eru framkvæmdir þar takmörkum settar. Áætlað er að flugvallarframkvæmdir í Hvassahrauni geti kostað yfir 200 milljarða króna. Fjármunum er mun betur varið til vegamála þar sem stórátaks er þörf.

Gera skal heildarstefnu fyrir allt landið um uppbyggingu innviða fyrir flugsamgöngur. Stefnu sem kveður á um hvar eiga að vera flugvellir, hvernig þeir eiga að vera búnir og hverju þeir eiga að geta þjónað? Gildir einu hvort um er að ræða innanlandsflugvelli, millilandaflugvelli eða varavelli. Með þessari stefnu þarf að fylgja áætlun um uppbyggingu og viðhald í samræmi við hana.

Net- og upplýsingaöryggi þarf að taka alvarlega og föstum tókum. Framsóknarflokkurinn vill hraða stefnumótun stjórnvalda um net- og upplýsingaöryggi, með áherslu á netöryggi, að tryggja auðkenningu og nafnleynd.

Tryggja þarf aðgengi að einni hljóðvarpsrás í öllum byggðum landsins og meðfram helstu stofnvegum.

# Ályktun um byggðamál

Framsóknarflokkurinn er byggðastefnuflokkur og leggur því áherslu á jafnrétti til búsetu. Framsóknarflokkurinn vill skoða af alvöru ívilnanir fyrir fyrirtæki og einstaklinga til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni.

Leitað verði leiða til að jafna búsetuskilyrði með almennum aðgerðum og að viðurkennt verði að hagsæld þjóðarinnar til lengri tíma litið sé undir því komin að viðhalda dreifðari byggðum.

Skapa þarf hvata til að laða ungt fólk að til þess að setjast að á landsbyggðinni, líkt og t.d. Norðmenn<sup>1</sup> hafa gert. Framsókn vill beita námslána- og skattkerfinu sem hvata fyrir atvinnu og búsetu í dreifðum byggðum landsins.

Framsóknarflokkurinn telur að sjálfbær þróun verði ætíð að vera leiðarstef í allri atvinnustarfsemi sem byggir á nýtingu náttúruauðlinda. Með skynsamlegri nýtingu þeirra auðlinda tryggjum við sem best byggð um allt land.

Í ljósi dóms EFTA-dómstólsins um innflutning á hráu kjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og eggjum er ljóst að vegið er að íslenskum búfjárstofnum og lýðheilsu landsmanna. Framsóknarflokkurinn vill að bann við innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og eggjum verði áfram tryggt í íslenskum lögum.

Innanlandsflug er ekki raunhæfur kostur fyrir almenning í landinu vegna hárra flugfargjalda. Framsóknarflokkurinn vill taka upp niðurgreiðslu á flugi innanlands fyrir íbúa á landsbyggðinni að skoskri fyrirmynd<sup>2</sup>.

Það er ótækt að horfa upp á skerðingu sjúkraflutninga á smærri stöðum og í dreifðum byggðum. Framsóknarflokkurinn hafnar frekari breytingum á þjónustu utan sjúkrahúsa áður en fyrir liggur stefnumörkun í málaflokki. Lakari þjónusta og skert aðgengi að heilbrigðisþjónustu eykur ójöfnuð til búsetu.

Raforkuöryggi er skert víða um landið. Hraða þarf uppbyggingu á flutningskerfi raforku með sérstaka áherslu á þau landsvæði sem búa við skert afhendingaröryggi. Ljúka þarf við lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns um land allt.

Framsóknarflokkurinn stendur vörð um fullveldi Íslands í orkumálum og hafnar því að orkulöggjöf Evrópusambandsins verði tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu nú sem fyrr á að ný opinber störf verði staðsett um land allt.

---

<sup>1</sup> Norsk fyrirmynd – Landinu er skipt upp í ákveðin dreifibýlissvæði og eftir þeim lagðar til almennar byggðajöfnunaraðgerðir þannig að skattar og gjöld á einstaklinga og fyrirtæki, afborganir af námslánum og orkukostnaður séu hagstæðari fyrir þá sem búa fjær þéttbýli og þjónustu.

<sup>2</sup> Skosk fyrirmynd – Ríkið greiðir flugfargjöld niður um 50% til þeirra sem búa á jaðarsvæðum. Þannig eru flugsamgöngur gerðar að eðlilegum hluta af almenningssamgögnum.

# Ályktun um sveitarstjórnarmál

Með öflugum og sjálfstæðum sveitarfélögum er lagður mikilvægur grunnur að valddreifingu og mikilvægt er að sveitarfélögin fái enn frekari verkefni og hlutverk í nærþjónustu við íbúa.

Skipulagsvald sveitastjórna ber að virða. Við gerð langtímasýnar og landsskipulags skal ekki gengið frekar á sjálfstæði sveitarfélaga og skipulagsvald þeirra. Einnig þarf að tryggja skipulagsvald sveitarstjórna á haf- og strandsvæðum.

Tekjustofnar sveitarfélaga þurfa að haldast í hendur við verkefni þeirra. Endurskoða þarf tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Gistináttgjöld renni til sveitarfélaga.

Styrkja þarf sveitarstjórnarstigið og auka áhuga almennings á þátttöku í sveitarstjórnarmálum m.a. með auknu íbúalýðræði. Einnig þarf frekari tilraunir með hverfisráð og lækkun kosningaaldurs til sveitarstjórna.

Flokkspingið styður framkomnar hugmyndir þess efnis að hjón geti átt sitthvort lögheimilið. Framsóknarflokkurinn styður tvöfalda lögheimilisskráningu barna.

Framsóknarflokkurinn telur að miklu megi áorka með frekari sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins til að valda þeim verkefnum sem þeim er falið.

# Ályktun um menntamál

Framsókn vill að staðinn verði vörður um íslenskuna.

Áfram verði unnið að því að bæta læsi í gegnum fjölbreytt verkefni einstakra skóla og sveitarfélaga, með baklandi í læsisverkefni Menntamálastofnunar. Jafnframt verði unnið að umbótum á sviðum sem styðja við læsi s.s. útgáfu námsgagna, eflingu skólabókasafna, gegnum bókmennningarstefnu og stefnumörkun um aðgang að íslensku hljóð- og myndefni. Sem lið í að efla aðgengi að bókum til lestrar og náms vill Framsóknarflokkurinn afnema virðisaukaskatt af bókum. Fjárfest verði í íslenskri máltækni með það að markmiði að hægt verði að nota íslensku í samskiptum við tæki og í allri upplýsingavinnslu. Þá verði aukinn kraftur settur í markvissar aðgerðir til stuðnings kennslu í íslensku sem annað tungumál, fyrir nemendur á öllum aldri. Komið verði á fót umbótateymi sem hafi faglega forystu í verkefninu. Samhæfa þarf aðgerðir þeirra sem kenna íslensku sem annað tungumál.

Framsókn vill tryggja framboð á gæðanámsefni á íslensku.

Nemendum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi verði tryggt gæða námsefni á íslensku, á því formi sem hentar hverju sinni og jafnt fyrir nemendur sem eiga íslensku að móðurmáli eða sem annað eða þriðja mál. Einnig þarf að auka framboð á námsefni fyrir einstaklinga með hvers konar skerðingar. Námsgagnasjóður grunnskóla og Þróunarsjóður námsgagna verði eflidir verulega og Menntamálastofnun eflid og falið stærra hlutverk á sviði þróunar, útgáfu og gæðaeftirlits með námsgögnum.

Framsókn vill auka virðingu fyrir kennarastarfinu og fjölga menntuðum kennurum.

Hæfir og góðir kennarar eru forsenda þess að nemendur njóti sín og náí árangri sem leggur grunn að framtíð þeirra. Til að skólustefna um menntun án aðgreiningar geti gengið þarf að skýra hugtakið, verkaskiptingu, endurskoða fjármögnun og auka stoðþjónustu við nemendur, kennara og skólastjórnendur. Hækka þarf laun kennara til að laða að hæfa nemendur í kennaranám og laða að kennara sem starfa utan skólanna. Þjóðaráttaks er þörf til að auka virðingu fyrir kennurum og kennarastarfinu t.d. með öflugum kynningarstarfi. Auka þarf tengsl kennaranáms við starfsvettvang og koma á launuðu starfsnámi innan kennaranámsins. Samhliða þarf að auka fjárhagslega hvata til kennaranema í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Framsókn vill styrkja samfélagslega umgjörð skólustarfs.

Heildstæð geðheilbrigðis- og velferðarþjónusta fyrir börn og ungmenni þarf að vera hluti af þjónustu heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustu sveitarfélaga. Þannig verður hægt að veita þjónustuna óháð starfstíma skóla og óháð því hvort ungmenni sækir skóla. Útrýma þarf biðlistum eftir greiningu og meðferð. Efla þarf náms- og starfsráðgjöf, sálfræðiþjónustu og alla stoðþjónustu við nemendur óháð búsetu og efnahag. Koma þarf á samtali aðila vinnumarkaðarins um styttingu vinnuvikunnar til að aðstoða foreldra við að samþætta betur starfsskyldur og fjölskyldulíf.

Framsókn vill tryggja að leikskólapláss eða sambærileg vistun standi foreldrum til boða að loknu fæðingarorlofi.

Lengja þarf fæðingarorlof hvors foreldris fyrir sig í fimm mánuði en til viðbótar verði sameiginlegur fæðingarorlofsréttur foreldra tveir mánuðir. Koma þarf á samstarfi ríkis

og sveitarfélaga um að tryggja börnum dagvistunarúrræði að fæðingarorlofi loknu, frá 12 mánaða aldri. Horfa skal þar sérstaklega til leikskólans sem er fyrsta skólastigið í skólakerfinu.

**Framsókn vill gera góða leikskóla enn betri.**

Bæta skal starfsumhverfi barna, kennara og starfsfólks í leikskólum. Mikill skortur er á leikskólakennurum til að lög um menntun og ráðningu leikskólakennara séu uppfyllt. Meta þarf kosti og galla þess að endurskilgreina leikskólann í námstíma annars vegar og daggæslu hins vegar þar sem leikskólahlutinn yrði gjaldfrjálss en greitt yrði fyrir daggæslu. Færa þarf starfsumhverfi leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskólans nær því sem þekkist á öðrum skólastigum til að auka nýliðun í stéttinni. Leita þarf leiða til að draga úr álagi á börn og starfsfólk leikskóla, t.d. með því að fækka börnum í hverju rými.

**Framsókn vill treysta stoðir grunnskólans.**

Markmið grunnskólans er að byggja upp góða grunnþekkingu og námsáhuga á mörgum sviðum. Styðja þarf við þróun fjölbreyttra kennsluhátta s.s. iðn-, starfs- og verknám og einstaklingsmiðað nám. Ráðgjöf til foreldra og skóla verði aukin. Greining á vanda leiði til ráðleggingar til nemanda, foreldra og kennara um hvernig nemandinn geti náð árangri á eigin forsendum. Góð grunnmenntun, læsi og talnaskilningur er undirstaða náms og grundvöllur þess að einstaklingar geti bætt við sig þekkingu og tekist á við þjóðfélagsbreytingar alla ævi. Ekki má slá af kröfum um líðan og samskiptafærni og að hver einstaklingur fái að blómstra á eigin forsendum og njóta hæfileika sinna.

**Framsókn vill byggja upp og þróa framhaldsskólann í takt við áskoranir framtíðarinnar og að hærra hlutfall hvers árgangs innritist í starfs- og verknám.**

Sett verði markmið um að hærra hlutfall (20% árið 2022) hvers árgangs innritist í starfs- og verknám að loknum grunnskóla og útskrifist innan viðmiðunartíma. Sérstök áhersla er lögð á að jafna hlutfall kynja. Skipaður verði verkefnahópur til að tryggja heildarsýn og vinna að samhæfingu þeirra breytinga sem framundan eru á iðnnáminu. Hópurinn vinni á grunni þróunarverkefna síðustu ára, hafi heildarsýn yfir áframhaldandi þróun og sýni forystu og frumkvæði að breytingum eftir því sem við á. Framhaldsskólarnir eru að ganga í gegnum miklar breytingar vegna styttingar náms á framhaldsskólastigi og þá er mikilvægt að þeir fái næði og svigrúm til að takast á við áskoranirnar sem því fylgja og tækifæri til áframhaldandi þróunar. Endurskoða þarf skil á milli skólastiga, grunn- og framhaldsskóla. Það fjármagn sem sparast með styttingunni til stúdentsprófs haldist innan framhaldsskólanna og skal nota í þróunarverkefni sem auka gæði starfsins .

**Framsókn vill fjárfesta í menntun, nýsköpun og rannsóknum.**

Auka skal gæði náms og starfs í íslenskum háskólum og vísindastofnunum. Samhliða verði framlög til háskóla hækkuð svo þau nái meðaltali OECD þjóða 2020 og Norðurlanda 2024. Fjárfesting í menntun, nýsköpun og rannsóknum er fjárfesting til framtíðar. Styrkja verður brú á milli vísinda og nýsköpunarstarfs sem og þekkingaryfirfærslu úr rannsóknum til hagnýtingar í atvinnulífi. Mótuð verði stefna um námsframboð og stuðning við fjárnám á háskólastigi. Þekkingarstarfsemi á

landsbyggðinni verði eflað. Styrkja verður tengsl atvinnulífs og menntastofnana til opna nýjar leiðir í iðn-, starfs- og verknámi. Hugað verður að nýsköpun og frumkvöðlamente.

**Framsókn vill að jöfnunarhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði styrkt.**

Framsóknarflokkurinn hefur alla tíð staðið vörð um jafnan rétt fólks til menntunar, óháð búsetu og efnahag. LÍN gegnir þar lykilhlutverki. Hækka þarf frítekjumark og endurskoða reglulega raunverulegan framfærslukostnað svo að Lánasjóðurinn geti staðið undir hlutverki sínu sem jöfnunarsjóður. Vísbendingar eru um að nemendur hverfi frá námi vegna framfærslukostnaðar og hefur erfitt ástand á húsnæðis- og leigumarkaði þar einnig áhrif. Lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði endurskoðuð, með það að markmiði að koma á samtímagreiðslum, til að losa námsmenn undan dýrum yfirdráttarlánnum. Jafnframt þarf að koma á styrkja- og hvatakerfi. Hvatar verði nýttir til að fjölga námsmönnum í greinum þar sem skortur er á fagmenntuðu starfsfólki á vinnumarkaði eins og í leikskóla- og kennarafræðum.

**Framsókn vill samþætta frístundastarf, tónlistarkennslu og íþróttir inn í daglegt starf grunnskóla.**

Mikið álag getur verið á fjölskyldum og vinnudagur margra barna langur. Með samþættingu gæðastarfs á vegum íþróttafélaga, tónlistarskóla og æskulýðsfélaga við starf grunnskóla má styðja betur við fjölskyldur og börn. Möguleikar til að læra á hljóðfæri eða stunda íþróttir fari ekki eftir fjárhag heimila heldur á að gera öllum börnum kleift að rækta líkama og sál í gegnum skipulagt frístundastarf. Stjórnvöld, í samráði við sveitarfélögin í landinu, móti og innleiði sérstaka æskulýðsstefnu.

Framsókn vekur jafnframt athygli á ítarlegri skýrslu starfshóps flokksins um framtíðarsýn í menntamálum sem birt hefur verið opinberlega.

# Ályktun um velferðarmál

Framsóknarflokkurinn vill standa vörð um velferð allra landsmanna og tryggja jafnt aðgengi að öflugri velferðarþjónustu, óháð efnahag og búsetu.

Sú stefna samræmist grunnngildum framsóknarstefnunnar um samvinnu, sjálfsábyrgð, lýðræði, sanngirni, jafnrétti og samfélagslega ábyrgð, þar sem manngildi er ætíð sett ofar auðgildi. Framsóknarmenn fagna því að ráðherra flokksins leiði félags- og jafnréttismál í nýrri ríkisstjórn og að áfram verði velferðarmál sett í forgang, m.a. með aukinni áherslu á jöfnuð og jafnrétti í samfélaginu.

Það er stefna Framsóknarflokksins að á Íslandi séu líf skjör þau bestu í heimi í alþjóðlegum samanburði. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja efnahags- og félagslegan stöðugleika til framtíðar. Framsóknarflokkurinn fagnar því að ný ríkisstjórn ætli að setja á fót þverpólitískan hóp um þróun mælikvarða um hagsæld og lífsgæði hér á landi.

Framsóknarflokkurinn telur að huga þurfi sérstaklega að stöðu þeirra hópa sem höllum fæti standa í samfélaginu. Allir landsmenn eiga að njóta jafnræðis og hafa jafnan rétt til þjónustu. Framsóknarflokkurinn stendur vörð um grundvallarmannréttindi. Framsóknarflokkurinn hvetur til þess að stuðningur byggi á stöðu einstaklingsins óháð hjúskaparstöðu og styðji þannig fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga.

Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að efla enn frekar samvinnu stofnana sem sinna félags-, heilbrigðis- og skólamála þar sem sérstaklega er tekið tillit til barna og þeirra sem höllum fæti standa. Framsóknarmenn telja að standa þurfi vörð um hagsmuni barna með því að hafa lögbundna þjónustu gjaldfrjálsa. Efnahagsleg staða foreldra á ekki að hafa áhrif á skólagöngu grunnskólabarna. Framsóknarflokkurinn telur því að öll námsgögn á grunnskólastigi eigi að vera gjaldfrjáls.

Tryggja þarf áfram að örorkulífeyrir fylgi lágmarkslaunum. Einfalda þarf lífeyriskerfi öryrkja, afnema skerðingar og hvetja til starfsendurhæfingar. Halda þarf áfram að fjölga leiguheimilum fyrir öryrkja og fatlað fólk í almenna íbúðakerfinu. Draga þarf úr heilbrigðiskostnaði þeirra sem njóta greiðslna úr almannatryggingum með því að lækka enn frekar þakið í greiðsluþáttökukerfinu.

Framsóknarflokkurinn telur að frjáls félagasamtök gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu. Tryggja þarf faglega nálgun þeirra og efla eftirlitshlutverk ríkisins með gerðum þjónustusamningum.

## Heilbrigðismál

Framsóknarflokkurinn vill að innlend heilbrigðisþjónusta verði áfram í fremstu röð. Nýta þarf fjármuni betur og efla þjónustu heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaðar. Auka þarf þjónustu við sjúklinga og lækka kostnaðarþáttöku. Vinna ber að sameiningu greiðsluþáttökukerfis læknisþjónustu og lyfja. Tryggja ber að tannlækninga-, sálfræði- og ferðakostnaður sjúklinga falli undir greiðsluþáttökukerfið. Fólk á aldrei að þurfa að glíma við fjárhagsörðugleika vegna veikinda sinna, barna eða skyldmenna. Takmarkið er að veikir borgi ekki.

Þá verður að leggja meiri áherslu á menntun starfsmanna framtíðarinnar í heilbrigðiskerfinu, m.a. með auknum framlögum til heilbrigðissviða háskólanna og auknum stuðningi við nemendur sem fara erlendis í nám.

Varað er við hagnaðardrifnum einkarekstri í heilbrigðiskerfinu.

Hefja þarf strax undirbúning nýs þjóðarsjúkrahúss á nýjum stað um leið og unnið er að uppbyggingu við Hringbraut. Horfa þarf til framtíðar og gera ráð fyrir því að nýtt þjóðarsjúkrahús rúmi alla nauðsynlega starfsemi og öll aðstaða þar verði til fyrirmyndar. Reynslan sýnir að full þörf er á að hefja undirbúning fyrr en seinna. Starfsskilyrði heilbrigðisstarfsmanna eru áhyggjuefni. Við svo búið má ekki standa.

Ávallt skal tryggja landsmönnum bestu heilbrigðisþjónustu óháð búsetu. Leiðrétt þarf þá mismunun sem er á þjónustu á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins, til dæmis í geðheilbrigðisþjónustu. Sérstaklega þarf að taka til endurskoðunar greiðsluþátttöku fólks á landsbyggðinni sem leita þarf sérfræðiþjónustu á milli landshluta. Efla þarf fjarlækningar og þannig nýta færni sérfræðinga til þess að þjónusta alla landsmenn. Áhersla er lögð á að sjúkrahótel séu starfandi í Reykjavík og á Akureyri fyrir þá sjúklinga og aðstandendur sem þess þurfa.

Ráðast þarf í þjóðaráttak gegn sjálfsvígum og stofna rannsóknarnefnd um orsakir sjálfsvíga svo efla megi fyrirbyggjandi aðgerðir.

Utanspítalaþjónusta er oft fyrsta þjónusta heilbrigðiskerfisins við bráðar uppákomur, en það vill oft gleymast að sjúkraflutningar eru heilbrigðismál. Flokksþing Framsóknarflokksins hvetur heilbrigðisyfirvöld til að ljúka við stefnumörkun um fyrirkomulag utanspítalaþjónustu um land allt. Þannig verði til heildstætt kerfi, sem uppfylli viðmið um lágmarks viðbragðstíma og lagaumhverfi tryggi að þessi þjónusta sé hluti af heilbrigðiskerfinu.

Efla þarf sérstaklega lýðheilsustarf Landlæknis með auknum fjárheimildum til málaflokksins, s.s. til rannsókna og þróunar og eflingu lýðheilsusjóðs. Leggja þarf aukna áherslu á forvarnir á sviði lýðheilsu með samvinnu og stuðningi heilbrigðiskerfisins. Bregðast þarf tafarlaust við mikilli aukningu lífstílstengdra sjúkdóma, með virkari forvörnum og aðgerðum.

Vinna þarf markvisst eftir settri lýðheilsustefnu, til að mynda með því að innleiða lýðheilsumat þar sem allar stjórnvaldsákvæðanir verði metnar út frá því hvaða áhrif þær hafa á heilsu. Jafnframt skal bjóða öllum 50 ára einstaklingum í heilbrigðismat í forvarnarskyni. Stefna skal að því að öll sveitarfélög verði heilsueflandi samfélög fyrir árið 2025 og allir skólar, leikskólar og framhaldskólar séu þátttakendur í heilsueflandi verkefnum. Mikilvægt er að efla heilsueflandi vinnustaði með auknu samstarfi Vinnueftirlitsins og Landlæknis á því sviði.

Framsóknarflokkurinn telur að áfram eigi að byggja á faglegum og vísindalegum niðurstöðum í lýðheilsumálum og hafnar því að áfengi sé selt í matvöruverslunum.

### **Málefni öryrkja**

Ástand í húsnæðismálum fatlaðs fólks er algerlega óásættanlegt. Langir biðlistar hafa myndast þrátt fyrir lagalega skyldu sveitarfélaga að sinna þessum málaflökki. Margir fatlaðir einstaklingar þurfa að bíða fram á fullorðinsár eftir að fá úrlausn og þar með er



brotið á rétti þeirra til einkalífs. Skorað er á sveitarfélög að leggja fram sérstakt fjármagn og framkvæmdaáætlun til að stytta biðlistana og gera jafnframt tímasettar þjónustuáætlanir með hverjum og einum eins og lög kveða á um.

Skorað er á stjórnvöld að fullgilda valkvæðan viðauka við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fullgilding þessa viðauka eykur aðhald með stjórnvöldum og er stuðningur við mannréttindi fatlaðs fólks.

Öllum ábendingum um að fatlaðir einstaklingar hafi verið órétti beittir ber að taka alvarlega og tryggja að þeir sem í hlut eiga fái sanngirnibætur ef niðurstaða greiningar leiðir í ljós að tilefni sé til slíkra bóta.

Börnum sem þurfa hjálpartæki og búa á tveimur heimilum verði tryggð þau á báðum stöðum.

### **Málefni aldraðra**

Öldruðum fjölgar nú umfram aðra aldurshópa í íslensku samfélagi. Þá breytingu þarf velferðarþjónustan að geta ráðið við til að tryggja að aldraðir eigi öruggt ævikvöld og geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu sem lengst. Aldraðir eiga að njóta virðingar, jafnræðis og sanngirni. Framsóknarflokkurinn telur það mikinn ávinning fyrir samfélagið að allir þeir sem vilja og geta unnið fái tækifæri til þess og því beri að afnema frítekjumark atvinnutekna eldri borgara.

Aldraðir þurfa að geta búið sem lengst á eigin heimilum með öflugum stuðningi heimaþjónustu og heimahjúkrunar, í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Lögð verði áhersla á kvöld-, nætur- og helgarþjónustu, dagvistunarúrræði og skammtímadvöl, jafnframt því sem unnið verði að nýsköpun og eflingu tæknilausna á þessu sviði. Tannheilsu aldraðra hefur hrakað, m.a. vegna þess að ríkisvaldið hefur ekki staðið við 75% niðurgreiðslu kostnaðar og því mikilvægt að sú niðurgreiðsla verði tryggð.

Ekki er fullnægjandi að bjóða upp á heilbrigðisþjónustu heldur þarf þessum hópi að standa til boða viðeigandi félags-, tómstunda- og íþróttatengd þjónusta sem bætir lífsgæði.

Efla þarf Framkvæmdasjóð aldraðra til uppbyggingar hjúkrunarheimila og dagvistunarúrræða og tryggja jafnframt rekstrargrundvöll þeirra. Tryggja þarf fjárhagslegt sjálfstæði og góðan aðbúnað heimilismanna, m.a. að þeim standi til boða sérbyli. Lífeyrir almannatrygginga til aldraðra þarf að taka breytingum í samræmi við lágmarkslaun.

### **Fjölskyldan**

Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á velferð barna. Rannsóknir sýna að líðan barna í skólum landsins fer versnandi. Mikilvægt er að rannsaka þær orsakir sem liggja þar að baki og bregðast strax við.

Umgengnisforeldri fái skattaafslátt með hverju greiddu meðlagi. Skilgreina ber ástæðulausar umgengnistálmanir sem ofbeldi í lögum og brot þess efnis verði sjálfkrafa barnaverndarmál.

Framsóknarflokkurinn hafnar lögleiðingu fíkniefna. Auka þarf fræðslu um skaðsemi ávana- og fíkniefna og ráðast skal í sérstakt fræðsluáttak gegn kannabisneyslu. Horft

verði heildstætt til fjölskyldna þegar barn lendir í vanda vegna fíkniefna og vinna þarf bug á biðlistum eftir meðferðarúrræðum. Foreldrum standi til boða stuðningur, m.a. til að standa straum af kostnaði sem til fellur en lendir utan almannatryggingakerfisins.

Hvatt er til þess að nýbökudum foreldrum um land allt gefist kostur á fræðslu um uppeldisaðferðir til eflingar jákvæðrar sjálfsmyndar barna og ungmenna. Jafnframt þarf að efla fræðslu til starfsmanna í leik- og grunnskólum og heilbrigðisstarfsmanna vegna tilkynningarskyldu í barnaverndarmálum, því skipt getur sköpum í lífi einstaklings ef gripið er inn í nógu fljótt. Félagsþjónusta sveitarfélaga þarf að geta tryggt fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa ásamt því að stuðla að velferð á grundvelli samhjálpár. Hún þarf að vera sambærileg um allt land og í boði fyrir alla íbúa. Þörf fyrir félagsleg úrræði leggst mjög misjafnlega á félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá skal tryggt að sveitarfélögin hafi burði til að veita þá þjónustu sem þeim er skylt að gera lögum samkvæmt.

Sveitarfélögin þurfa að geta boðið upp á leikskóla mannaða fagfólki, strax að loknu fæðingarorlofi þannig að samfella verði tryggð í umönnun barna. Foreldrar sem þurfa að dvelja fjarri heimili sínu vegna fæðingar barns fái styrk úr fæðingaorlofssjóði til að mæta þeim tíma þannig að fæðingaorlof sé nýtt í þágu barns að lokinni fæðingu.

Framsóknarflokkurinn styður lengingu sameiginlegs fæðingaorlofs foreldra í 12 mánuði og að foreldrar sem þiggja fæðingastyrk fái að dreifa honum á lengri tíma en sex mánuði, eins og býðst þeim foreldrum sem þiggja fæðingarorlof. Greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi skulu ekki vera undir lágmarkslaunum. Þá þarf að finna leiðir til að fjölga dagvistunar- og leikskólaplássum í þeim tilgangi að tryggja að foreldrar komist að fullu á vinnumarkaðinn að fæðingarorlofi loknu.

Framsóknarflokkurinn fagnar tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar en rannsóknir sýna að styttri vinnuvika getur leitt til aukinnar ánægju í starfi, meiri afkasta, betri heilsu og þar með betri lífsgæða. Velferðarráðuneytið hefur stýrt sambærilegu verkefni af hálfu hins opinbera með góðum árangri og því mikilvægt að skoða af alvöru styttingu vinnuvikunnar án launaskerðingar á íslenskum vinnumarkaði í heild.

## **Jafnrétti**

Jafnrétti er eitt af grunnstefjum samvinnu- og framsóknarstefnunnar. Framsóknarflokkurinn hafnar allri mismunun á grundvelli kyns, aldurs, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, trúar, bakgrunns, þjóðernis eða stöðu að öðru leyti. Það er eitt af hlutverkum Framsóknarflokksins að ganga ávallt á undan með góðu fordæmi í jafnréttismálum og útrýma kynbundnum launamun.

Framsóknarflokkurinn vill berjast gegn kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi með virkum aðgerðum á sem flestum sviðum. Fagna ber opinni umræðu um kynferðislega áreitni sem því miður hefur fengið að líðast víða í okkar samfélagi í skjóli þöggunar. METOO byltingin er dæmi um jákvæða valdeflingu þar sem kraftur fjöldans veitir þolendum styrk til þess að stíga fram í dagsljósið. Framsóknarflokkurinn var fyrstur flokka til þess að bregðast við METOO byltingunni og hefja vinnu við siðareglur gagnvart kynferðislegri áreitni í stjórnmalastarfi. Sérstaklega ber að fagna framlagi félags- og jafnréttismálaráðherra sem hefur ákveðið að skipa nefnd til að meta umfang

kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og eineltis á íslenskum vinnumarkaði. Niðurstöður þeirrar vinnu verða að skila sér í aðgerðum.

Mikilvægt er að við móttöku útlendinga sé unnið með mannréttindi að leiðarljósi, að framkvæmd laga sé skilvirk og vel sé staðið að skipulagi hvort sem er vegna umsókna um dvöl, atvinnuréttindi eða þjónustu samfélagsins.

Leggja þarf áherslu á góða upplýsingagjöf opinberra aðila til innflytjenda. Þjónusta skóla og velferðarkerfis þarf að taka mið af auknum hreyfanleika fólks milli landa og huga þarf að þörfum innflytjenda, eins og annarra hópa samfélagsins, við opinbera stefnumótun og aðgengi að opinberri þjónustu.

Framsóknarflokkurinn vill stuðla að því að fjölbreyttur bakgrunnur fólks leiði til betri og samkeppnishæfari vinnumarkaðar og að ólík færni starfandi fólks ýti undir framþróun atvinnulífs og skili þannig árangri fyrir samfélagið allt. Brýnt er að fólki af erlendum uppruna sé kynnt réttindi og skyldur bæði starfsmanna og vinnuveitenda. Tryggja þarf að til séu leiðir fyrir innflytjendur til að fá menntun sína metna hérlandis, og auðvelda og samræma afgreiðslu á mati á menntun og starfsréttindum.

Bæta þarf tækifæri innflytjenda til þátttöku í félagsstarfi, lýðræðislegri umræðu og stjórnmálum. Stuðla þarf að faglegri, vandaðri og upplýsandi umfjöllun um málefni innflytjenda og þátttöku þeirra í samfélaginu. Leggja skal áherslu á að draga fram tækifærin sem felast í ólíkum menningarlegum bakgrunni landsmanna og nýta þekkingu innflytjenda til að efla íslenskt samfélag. Mikilvægt er að efla stuðningsnet innflytjenda og vinna þarf markvisst gegn ofbeldi í garð innflytjenda.

### **Húsnæðismál**

Framsóknarflokkurinn leggur sem fyrr áherslu á að landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins og hafi raunverulegt val um búsetuform

Fjarlægja þarf húsnæðisliðinn út úr vísitölu neysluverðs en verð á húsnæði hefur að jafnaði hækkað meira en annað verðlag. Afleiðing þess eins er að verðtryggðar skuldir heimilanna hafa hækkað um tugi milljarða undanfarin ár. Fylgja þarf fast eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í átt að afnámi verðtryggingar samhliða mótvægisaðgerðum, til þess að standa vörð um möguleika efnaminni fjölskyldna og ungs fólks til að eignast sitt eigið húsnæði.

Húsnæðisvandi ungs fólks er áhyggjuefni og við honum þarf að bregðast af festu. Fagna ber stefnu ríkisstjórnarinnar þar sem ætlunin er að lækka þroskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn og skoða meðal annars nýtingu lífeyrissparnaðar til lausnar.

Framsóknarflokkurinn vill að unnt verði að sækja um afborgunarhlé á námslánunum í allt að fimm ár til að mæta ungum fjölskyldum sem eru að kaupa íbúð. Framsóknarflokkurinn fagnar innkomu húsnæðisfélaga sem rekin eru án hagnaðarmarkmiða.

Framsóknarflokkurinn lýsir yfir áhyggjum af sértækum húsnæðisskortum á landsbyggðinni og styður fyrirætlanir félags- og jafnréttismálaráðherra sem ætlaðar eru til að bregðast við því.

Óska á eftir samstarfi við lífeyrissjóðina um uppbyggingu á hagkvæmum íbúðum og hjúkrunarrýmum fyrir aldraða á þeim svæðum þar sem þörfin er brýnust.

### **Stuðningur við fötluð og langveik börn**

Tryggja þarf rétt foreldra eftir andlát barns og að stuðningurinn við foreldra á ummönnunargreiðslum verði í samræmi við rétt foreldra til fæðingarorlofs eftir andvana fæðingu eftir 22. viku.

Félagsþjónustu sveitarfélaganna verði falið að gera tillögu að umönnunarmati fyrir langveik börn, líkt og er fyrir fötluð börn í dag.

Nauðsynlegt er að einfalda kerfið sem veitir foreldrum fatlaðra og langveikra barna fjárhagslegan stuðning. Einn liður í því er að breyta áherslum við mat á greiðslum með því að draga úr áherslum á læknisfræðilegar greiningar og auka í stað þess vægi umönnunarinnar sem slíkrar. Þannig verði dregið úr vægi greininga og innlagna á sjúkrahús við mat á umönnun en stuðningur við foreldra langveikra og fatlaðra barna vegna umönnunar verði í samræmi við raunverulega umönnunarþörf barnanna og verði nægjanlegur til að tryggja langveikum og fötluðum börnum og foreldrum þeirra eðlilegt líf og þátttöku í samfélaginu.

Innleiddar verði sérstakar greiðslur vegna umframkostnaðar foreldra vegna langveikra og/eða fatlaðra barna sem verði óháðar efnahag foreldra og mati á umönnunarþörf. Í núgildandi kerfi sjúkratrygginga er umframkostnaður ekki bættur. Með umframkostnaði er átt við kostnað sem til fellur vegna fötlunar eða veikinda barns og er umfram það sem almennt er hjá börnum.

Framsóknarflokkurinn leggur til að gerð verði landsáætlun í kringum sjaldgæfa sjúkdóma á Íslandi eins og hin Norðurlöndin hafa þegar komið sér upp.

# Ályktun um ferðapjónustu

Ferðapjónustan er sú grein sem skapar mestan gjaldeyri og fjölda starfa á landinu. Íslensk ferðapjónusta byggir m.a. á stórkostlegri náttúru, sögu og menningu sem laða að sér sífellt fleiri gesti. Framsóknarflokkurinn vill auka möguleika til búsetu og starfa á öllu landinu og þar getur ferðapjónustan gegnt lykilhlutverki við byggðastyrkingu á komandi árum. Ferðamennska er einnig ráðandi afl við mótun orðspors landsins og styrkir aðgengi annarrar atvinnustarfsemi að markaðssetningu á erlendri grundu.

Ábyrg ferðapjónusta er lykilþáttur þess að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður ferðamanna til framtíðar. Setja þarf ferðapjónustunni skýr markmið í umhverfismálum, öryggismálum og hvað varðar réttindi starfsfólks. Þar má líta til verkfæra eins og Vakans, gæða- og umhverfiskerfis ferðapjónustunnar, og alþjóðlegra ISO-staðla sem lúta að aga, öryggi og faglegum vinnubrögðum í ferðapjónustu. Innleiða þarf slíka staðla á sem flestum sviðum ferðapjónustunnar en þar er mikilvægt að greinin sjálf og opinberir aðilar vinni saman að innleiðingu, framkvæmd og eftirliti. Á sama hátt þarf að gera kröfu til þess að erlend ferðapjónustufyrirtæki sem starfa hér á landi fullnægi öllum þeim kröfum sem gerðar eru til innlendra ferðapjónustufyrirtækja. Skýra þarf lög og reglur um starfsemi erlendra aðila hér á landi svo jafnræðis sé gætt og til þess að hægt sé að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

Ferðapjónustan er ein af mikilvægustu atvinnugreinum landsins. Því skiptir miklu máli að tryggja betra aðgengi að fjölbreyttum námsleiðum í greinum tengdum ferðapjónustu á framhalds- og háskólastigi.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á mikilvægi menntunar sem nýtist í greininni og eykur þjónustugæði. Mikilvægt er að stofnaður verði Fagskóli ferðapjónustugreina þar sem boðið verður upp á þrepaskipt nám í matvælagreinum og öðrum fögum er tengjast ferðapjónustunni. Mikilvægt er að þróa námsmöguleika innan framhaldsskóla í samræmi við þarfir atvinnulífsins og um leið finna leiðir til að gera nám í ferðapjónustu aðgengilegt og áhugavert í samkeppni við annað nám. Styrkja þarf faglegan grunn og stefnumótun með aukinni áherslu á rannsóknir, tölulegar upplýsingar, kannanir og spár. Auðvelda þarf aðgengi að hagnýtu starfsnámi inni á vinnustöðum og nýta þá leið til að samræma skilaboð um hvernig áfangastaður Ísland ætlar að vera. Þar skal fagmennska, gestrisni og öryggi gesta vera höfð að leiðarljósi.

Íslensk stjórnvöld þurfa að endurskoða starfsumhverfi ferðapjónustunnar með það að markmiði að einfalda regluverkið, auka skilvirkni og hvetja til aukinnar nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi í greininni. Einföldun skal þó aldrei gerð á kostnað gæða og ber að draga lærdóm af því sem best hefur gengið erlendis í þeim efnum á undanförunum árum. Færa þarf málefni ferðapjónustunnar undir eitt ráðuneyti eins og kostur er. Skoða þarf sérstaklega hvort ekki sé hægt að gera stjórnsýslu sem lýtur að ferðapjónustu skilvirkari með sameiningu stofnana.

Leggja skal á öryggis- og umhverfisgjald á allar komur til landsins. Tekjur af þessu gjaldi munu nýtast til aukinnar umhverfisverndar, uppbyggingar innviða og til að bæta aðstöðu við ferðamannastaði.

Íslensk ferðaþjónusta skapar gríðarlegar gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið og skiptir miklu máli fyrir afkomu ríkissjóðs. Landsmenn njóta góðs af því á einn eða annan hátt en engu að síður hefur ekki tekist að tryggja fjármagn í nauðsynlega uppbyggingu innviða til að tryggja þjónustu við ferðamenn, öryggi þeirra og að náttúra sé vernduð fyrir of miklu álagi. Til þess að tryggja fjármuni í þennan málaflokk skal, í samstarfi við hagsmunaaðila, leggja á umhverfis- og öryggisgjald sem lagt verði á allar komur til landsins, jafnt með flugi eða skipum. Tekjur af þessu gjaldi skal nýta til verndunar náttúrunnar, nauðsynlegrar uppbyggingar innviða og til að bæta aðstöðu við ferðamannastaði. Skoða skal misjafna álagningu eftir tímabilum til að hvetja enn frekar til fjölgunar ferðamanna yfir vetrarmánuðina. Víða er stór hluti gistingar í formi heimagistingar (s.s. Airbnb) og af þeirri gistingu innheimtist oft ekki gistináttagjald, hið sama gildir um bílaleigu- og húsbíla. Þetta ástand er ólíðandi og ef halda á innheimtu gistináttagjalds áfram verður að koma í veg fyrir svona ósamræmi. Gistináttagjald skal renna óskipt til sveitarfélaga landsins og útdelt að hluta til í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ljóst er að auka þarf tekjur til sveitarfélaga enda kostnaður þeirra af ferðamönnum töluverður.

Stórauka skal landvörslu á Íslandi með fagmenntuðum landvörðum með viðurkennd réttindi. Leggja þarf áherslu á stjórnunar- og verndaráætlanir sem fjalla m.a. um landvörslu, vöktun, uppbyggingu og fræðslu. Jákvæð ímynd landsins byggist á upplifun sem tengist hreinleika og sérkennum þess.

Vinna skal að greiningum og stefnumótun fyrir innanlandsflug sem góðan valkost í ferðaþjónustu og fyrir heimamenn. Brýnt er að halda áfram uppbyggingu millilandaflugvalla á Akureyri og á Egilsstöðum og lengja flugbraut á Sauðárkróki, til þess að geta tekið á móti fleiri flugvélum.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að opnaðar verðir nýjar gáttir í millilandaflugi til og frá Íslandi. Með opnun nýrra gátta verði horft sérstaklega til vetrarferðamennsku og lengingu ferðamannatímabilsins, ásamt því að ferðamannastraumnum og álagi verði betur stýrt um landið. Geta þjóðarinnar til að taka á móti fleiri ferðamönnum eykst og atvinnusköpun í ferðaþjónustu verður traustari víðar um landið.

# Ályktun um endurskipulagningu fjármálakerfisins

Við endurskipulagningu fjármálakerfisins leggur Framsóknarflokkurinn áherslu á að fjármálakerfið þjóni fyrst og fremst heimilum og fyrirtækjum í landinu sem skapa störf og raunveruleg verðmæti á landsvísu. Eftirfarandi atriði ber að hafa að leiðarljósi:

Að viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi banka verði aðskilin.

Með fullum aðskilnaði er dregið úr hættunni á að ríkissjóður sé beint eða óbeint í ábyrgð fyrir áhættusömum fjárfestingarbankaverkefnum. Með aðskilnaði myndi einnig draga úr hagsmunaárekstrum, samkeppni yrði jafnari og bankar sem nú eru of stórir myndu minnka.

Til að bregðast við fákeppni á bankamarkaði er nauðsynlegt að ríkið eigi einn af stóru bönkunum og reki hann sem samfélagsbanka að þýskri fyrirmynd<sup>3</sup>.

Stóru bankarnir þrír eru samtals með meira en 90% markaðshlutdeild og því mikil hætta á fákeppni í bankaþjónustu. Framsóknarflokkurinn telur að annar ríkisbankanna eigi að vera áfram í eigu þjóðarinnar, með það markmiði að þjóna samfélaginu sem best. Til að bregðast við fákeppni á bankamarkaði er nauðsynlegt að samfélagsbanki hafi þann tilgang að bjóða góða þjónustu á sem bestum kjörum. Þannig má efla samkeppni í bankaþjónustu á landsvísu.

Seðlabankinn hafi fleiri markmið en verðstöðugleika og fleiri stýritæki en vaxtastigið en markmiðið ætti að vera að stuðla að bættum hag heimilanna.

Seðlabankinn hefur í dag það þrönga markmið að halda verðlagsþróun innan ákveðinna vikmarka. Víða hafa seðlabankar víðtækari skyldur svo sem að stuðla að bættum lífskjörum, hagsæld heimila og hagvexti.

Seðlabankinn bjóði almenningi og fyrirtækjum að geyma laust fé á reikningum.

Landsmenn fái þann valkost að geyma reiðufé sitt á öruggum reikningum í Seðlabanka Íslands. Með þessu byðist örugg og nútímaleg leið til að geyma laust fé sem nota mætti til greiðslu í viðskiptum. Færslugjöld á slíkum reikningum gætu verið lægri en hjá bönkum. Greiðslumiðlun í landinu væri þá örugg og ekki lengur ofurseld því að einstakir bankar séu greiðslufærir enda er Seðlabankinn ávallt greiðslufær í eigin gjaldmiðli.

Sjóðfélagalán lífeyrissjóðanna hafa stuðlað að lækkun vaxta og eru örugg langtímafjárfesting.

Þau sjónarmið hafa komið frá talsmönnum banka að setji eigi skorður við sjóðfélagalánum lífeyrissjóðanna. Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að lífeyrissjóðir veiti bönkunum áfram aðhald og samkeppni í íbúðalánnum. Enda eru lífeyrissjóðir með aðgang að stöðugu langtímafjármagni og fáir fjárfestingarkostir öruggari en íbúðalán.

---

<sup>3</sup> Þýsk fyrirmynd – Starfandi samfélagsbanki sem er einungis sinnir viðskiptabankastarfsemi s.s. innlánnum, útlánnum og færsluþjónustu. Samfélagsbanki er sjálfseignarstofnun hugsuð til að þjóna almenningi og litlum og millistórum fyrirtækjum með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi.

Skoðað verði að að taka upp gegnumstreymi að hluta í lífeyrissjóðakerfinu.

Lífeyrissjóðir hafa fram til þessa byggt alfarið á söfnun sjóða en þessir sjóðir eru orðnir mjög stórir og umfangið meira en ein og hálf landsframleiðsla. Það er ekki til nægur gjaldeyrir fyrir sjóðina til að fjárfesta erlendis nema að litlu leyti, og því þarf að skoða þann möguleika að taka upp gegnumstreymiskerfi að hluta.

Auka skal lýðræði innan lífeyrissjóða.

Framsóknarflokkurinn vill að sjóðsfélagar í lífeyrissjóðum kjósi stjórnir þeirra. Einstaklingar skulu hafa frelsi um hvar lögbundinn lífeyrissparnaður þeirra er ávaxtaður hjá viðurkenndum aðilum. Slík framkvæmd eykur lýðræði félagsmanna og mun ásamt innbyrðis samkeppni vörsluaðila lífeyrissparnaðar bæta gæði kerfisins og minnka hættu á varhugaverðum hagsmunatengslum. Þá er stjórnarseta fulltrúa lífeyrissjóða í þeim fyrirtækjum sem þeir hafa fjárfest í varhugaverð, enda getur hún valdið hagsmunaárekstrum.

Banna ný verðtryggð lán til neytenda.

Byggt verði á vinnu og tillögum nefndar sem skilaði skýrslu um afnám verðtryggingar í janúar 2014. Í hverju skrefi sem tekið verður þarf að leggja áherslu á að gæta stöðugleika og að möguleikar ungs fólks og tekjulágra til að eignast húsnæði skerðist ekki. Framsóknarflokkurinn vill enn fremur skapa hvata og stuðning til þess að heimili geti breytt verðtryggðum lánnum í óverðtryggð.

Taka húsnæðisliðinn úr neysluvísitölu.

Fasteignaverð er liður í neysluvísitölu hér á landi og af þeim sökum hafa stýrivextir og höfuðstólar verðtryggðra lána verið hærri en í nágrannalöndum þar sem stuðst er við samræmda vísitölu neysluverðs.

Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að við vinnu við endurskipulagningu fjármálakerfisins verði leitað eftir sjónarmiðum neytenda ekki síður en annarra haghafa á fjármálamarkaði.

Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að hagsmunir neytenda og skattgreiðenda verði hafðir að leiðarljósi við boðaða vinnu við endurskipulagningu fjármálakerfisins, sem m.a. er getið um í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Í því felst að leitað verði leiða til að auka samkeppni á viðskiptabankamarkaði, á sama tíma og dregið verði úr þeirri áhættu sem skattgreiðendur bera af starfsemi fjármálafyrirtækja.

Að fólki verði heimilt að nýta viðbótarlífeyrissparnað, og að hluta skyldulífeyrissparnað, til húsnæðiskaupa (svissneska leiðin<sup>4</sup>).

Framsóknarflokkurinn vill að heimilt verði að taka út lífeyriseign til húsnæðiskaupa. Vel hefur gengið að nýta hluta viðbótarlífeyrissparnaðar til niðurgreiðslu húsnæðislána og til húsnæðiskaupa. Framsóknarflokkurinn vill að frekari skref verði stigin við að heimila nýtingu á viðbótarlífeyrissparnaði og hluta skyldulífeyrissparnaðar til húsnæðiskaupa hér á landi. Sambærileg leið hefur verið farin í Sviss. Þegar íbúðin er seld er iðgjaldinu skilað aftur inn í lífeyrissjóðinn.

---

<sup>4</sup> Svissnesk fyrirmynd – Heimild til að taka út það iðgjald sem lagt hefur verið í sameignarhluta lífeyrissjóða og nýta sem útborgun við íbúðarkaup. Fjárhæð sem tekin er út ber ekki vexti og er án afborgana. Við sölu íbúðar er iðgjaldinu skilað aftur inn í lífeyrissjóðinn.



Skipuð verði rannsóknarnefnd um þær aðgerðir sem stjórnvöld og fjármálafyrirtæki réðust í eftir hrunið.

Rannsaka þarf aðgerðir stjórnvalda og fjármálafyrirtækja í kjölfar hrunsins og finna út raunverulega stöðu fjármálakerfisins en það verður ekki gert án þess að rannsaka lögmæti þeirra aðgerða sem ráðist var í eftir hrunið, t.d. varðandi endurútreikninga gengistryggðra lána. Einnig þarf að skoða hvort úrvinnsla verðtryggðra og gengistryggðra lána hafi verið í samræmi við lög- og stjórnarskrárvarin réttindi neytenda og skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Stöðva skal allar aðfarir sem byggja á fyrrnefndum aðgerðum á meðan vinna við slíka rannsóknarskýrslu stendur yfir.

Við endurskipulagningu fjármálakerfisins er mikilvægt að hagkvæmni sé gætt.

Því leggst Framsóknarflokkurinn gegn fyrirhugaðri byggingu Landsbankans á dýrasta byggingasvæði landsins. Aðrar lausnir eru nærtækari.